



Trú • Fjölskylda • Líkn

Styrkja fjölskyldur með auknu andríki

Lærið efnið og ræðið það við systurnar sem þið heimsækið, eins og við á Nýtið spurningarnar ykkur til hjálpar við að styrkja systurnar og gera Líknarfélagið að virkum þætti í lífi ykkar.

Julie B. Beck, aðalforseti Líknarfélagsins, sagði: „Í mér hefur vaxið sterkur vitnisburður um gildi dætra Guðs. . . . Þegar ég hef hitt systurnar hef ég skynjað að aldrei hefur verið meiri þörf fyrir að auka trú og persónulegt réttlæti. Aldrei hefur verið meiri þörf fyrir sterkar fjölskyldur og sterk heimili.“

Systur geta hjálpað til við að stuðla að sterkum fjölskyldum og heimilum þegar þær bregðast við persónulegum opinberunum. „Sá eiginleiki að gera sig hæfa fyrir og taka á móti persónulegri opinberun er sá mikilvægasti sem hægt er að hljóta í þessu lífi,“ sagði systir Beck ennfremur. „Að vera hæf til þess að hafa anda Drottins hjá sér, hefst á því að þrá anda hans og ávinna sér ákveðinn verðugleika. Sú blessun að hafa anda Drottins ætíð með okkur veitist þegar við höldum boðorðin, iðrumst og endurnýjum sáttmálana sem gerðir voru við skírni. Þegar konur gera og halda musterissáttmála fá þær einnig andlegan styrk og kraft inn í líf sitt. Hægt er að finna mörg svör við erfiðum spurningum með því að lesa ritningarnar, því þær auðvelda okkur að hljóta opinberun. . . . Bænin er einnig frumskilyrði þess að hafa anda Drottins með sér.“¹

Við styrkjum líka fjölskyldumeðlimi okkar andlega þegar við hjálpum þeim að skilja eilífa áætlun himnesks föður. „Hvað getum við gert til að búa börn okkar betur andlega undir eilíft hlutverk þeirra?“ spurði öldungur M. Russell Ballard, í Tólfpostulasveitinni. „Sennilega er þetta besta svarið: Kennið þeim að lifa eftir reglum fagnaðarerindisins.“ Slík kennsla á sér stað með bænnum, ritningarnámi og á matmálstímum, sem og á vikulegum fjölskyldukvöldum og með kirkjusókn. Öldungur Ballard útskýrði: „Dag hvern, einmitt nú, búum við okkur undir hið eilífa líf. Ef við erum ekki að búa okkur undir eilíft líf, erum við að búa okkur undir eitthvað annað, hugsanlega eitthvað sem er langtum rýrara.“²

Úr ritningunum

Okv 22:6; 1 Jóh 3:22; Kenning og sáttmálar 11:13–14; 19:38; 68:25

Úr sögu okkar

Á Líknarfélagssundi í apríl 1842 kenndi spámaðurinn Joseph Smith systrunum að helg ábyrgð þeirra væri að vinna að eigin sálhjálp. Hann sagði: „Að lokinni þessari fræðslu munuð þið bera ábyrgð á ykkar eigin syndum. Það er

eftirsóknarverður heiður að ganga þannig frammi fyrir okkar himneska föður að við björgum okkur sjálfum. Við berum öll ábyrgð á því gagnvart Guði hvernig við aukum við ljósið og viskuna sem Drottinn hefur gefið okkur, okkur sjálfum til bjargar.“³ Hann kenndi þeim að vera réttlátir einstaklingar, að verða heilagt fólk og að búa sig undir helgiathafnir og sáttmála mustersins.

HEIMILDIR

1. Julie B. Beck, „Yfir . . . ambáttir mun ég á þeim dögum úthella anda mínum,“ *Áðalráðstefna*, apríl 2010, 12.
2. M. Russell Ballard, „Spiritual Development,“ *Ensign*, nóv. 1978, 65, 66.
3. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 353.

Hvað get ég gert?

1. Hvernig get ég hjálpað systrunum að auka andlegt sjálfstæði?
2. Hvernig get ég aukið hæfni mína til að þekkja innblástur heilags anda og bregðast við honum?

Frekari upplýsingar eru á www.reliefsociety.lds.org.